

Október 2007

# Kvarðinn

FRÉTTABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS

## Ný stefna, ný tækifæri

Haustið 2006 vann starfsfólk Landmælinga Íslands að því að endurskoða stefnumótun stofnunarinnar með hliðsjón af nýjum lögum um landmælingar og grunnkortagerð. Unnið var í hópum og hafði hver hópur sérstakt umræðuefni eða þema. Einnig voru höfð til hliðsjónar sjónarmið ýmissa utan stofnunarinnar en fundað var með völdum aðilum vegna þessa verkefnis. Stjórnendur Landmælinga Íslands unnu síðan nýja stefnumótun út frá afrakstri þeirrar hugmyndavinnu sem fram fór hjá starfsmönnum en umhverfisráðuneytið samþykkti skjalið 11. janúar 2007.

Stefnumótunarskjalið, sem tók formlega gildi þann 15. janúar 2007, er mikilvægt verkfæri fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn til að minna reglulega á hvert skal stefna, hver eru kjarnaverkefni sem leggja skal mesta áherslu á, og hver eru önnur verkefni stofnunarinnar. Samkvæmt nýju stefnumótuninni er meginmarkmið Landmælinga Íslands að tryggja að ávallt séu til aðgengilegar og áreiðanlegar staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um allt Ísland.

Einnig var það sameiginleg niðurstaða úr vinnunni að í öllu starfi Landmælinga Íslands skulu eftirfarandi gildi höfð að leiðarljósi:

- Traust** - Góður árangur byggir á trausti í samskiptum starfsmanna og samstarfsaðila
- Gæði** - Öll verkefni og þjónusta sem veitt er skal taka mið af aðferðum gæðastjórnunar
- Þekking** - Þekking er forsenda framfara og nýsköpunar í starfseminni
- Samstarf** - Til þess að ná árangri þarf öflugt samstarf innanlands sem utan

Stefnumótunarskjalið er hægt að skoða á heimasíðu Landmælinga Íslands, [www.lmi.is](http://www.lmi.is), á pdf formi.



Landupplýsingar fyrir Ísland

## Landmælingar Íslands ein af fyrirmyndarstofnunum SFR - stéttarfélag í almannaðjónustu

Í febrúar 2007 tóku starfsmenn Landmælinga Íslands þátt í könnun sem SFR - stéttarfélag í almannaðjónustu stóð fyrir. Könnunin var gerð meðal félagsmanna SFR en til þess að fá skýrari mynd af vinnustaðnum gátu stofnanir boðið öllum starfsmönnum sínum, óháð því í hvaða stéttarfélagum þeir eru, að taka þátt. Landmælingar Íslands buðu öllum starfsmönnum að taka þátt og var svarhlutfallið 67%. Hugmyndin að baki könnuninni er að fá heildarmynd af starfsskilyrðum og líðan á vinnustað, með það að markmiði að bæta starfs-

umhverfið og efla starfsþróun starfsmanna. Meðal þess sem spurt var um var traust til yfirmanna, virðing fyrir starfsfólki, stolt gagnvart stofnuninni, vinnuálag og starfsandi. Niðurstöður könnunarinnar gefa starfsmönnum tækifæri til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðra og stjórnendum tækifæri til að kortleggja stöðu stofnunarinnar hvort sem um er að ræða staðfestingu á því sem vel er gert eða hvatningu til að gera betur.

Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í maí 2007 og kom þá í ljós að Landmæling-

ar Íslands voru í 9. sæti af 99 ríkisstofnunum. LMÍ fengu viðurkenningu auk þess að fá leyfi til að nota nafnbótina „Fyrirmyndarstofnun 2007“ í eitt ár ásamt viðeigandi merki í kynningarefni. Framkvæmd könnunarinnar var alfarið í höndum IMG Gallup sem sá um að senda spurningalista og vinna niðurstöður. Nánar má lesa um könnunina á vef SFR [www.sfr.is](http://www.sfr.is).



## Forstjóri Landmælinga Íslands kosinn forseti EuroGeographics

Dagana 7.-10. október 2007 héldu EuroGeographics, samtök korta og fasteignastofnana í Evrópu ársþing sitt. Að þessu sinni var þingið haldið í borginni Dubrovnik í Króatíu í boði Króatísku korta- og fasteignastofnunarinnar. Landmælingar Íslands og Fasteignamat ríkisins eiga aðild að EuroGeographics fyrir Íslands hönd.

Meginþema ársþingsins að þessu sinni var *Hlutverk korta- og fasteignastofnana á sviði umhverfismála og við að tryggja öryggi borgaranna*. Mjög gagnlegar umræður urðu um þetta mál enda gegna korta- og fasteignastofnanir vaxandi hlutverki á þessu sviði, ekki síst þegar bregðast þarf við v.s. flóðum, skógareldum eða jarðskjálftum.

Þátttakendur á ársþinginu að þessu sinni voru um 120 manns, en aðilar að EuroGeographics koma frá 49 stofnunum í 42 löndum Evrópu og hjá þeim starfa til samans um 55.000 manns. Samtökin hafa það meginhlutverk að vera faglegur vettvangur korta- og fasteignastofnana í Evrópu en auk þess vinna þau að gerð nokkurra gagnagrunna. Aukin áhersla er einnig lögð á að koma faglegum sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld í Evrópu s.s. varðandi mikilvægi innra skipulags landupplýsinga og greiðan aðgang að slíkum gögnum til hagsbóta fyrir borgara og stjórnvöld.

Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands, sem hefur setið í stjórn EuroGeographics í tvö ár, var á þinginu endurkjörinn og kosinn forseti EuroGeographics til næstu tveggja ára.


Frekari upplýsingar:  
[www.eurogeographics.org](http://www.eurogeographics.org)



# Reitakerfi Íslands aðgengilegt á vefnum

LÍSA Samtök um landupplýsingar á Íslandi, ásamt Landmælingum Íslands og samstarfsaðilum, hafa útbúið samræmt reitakerfi fyrir allt Ísland sem nefnist Reitakerfi Íslands. Reitakerfið samanstendur af sex mismunandi netum með misstórum reitum. Stærðir reitanna eru 50 km, 10 km, 5 km, 1 km, 500 m og 100 m og er hægt að skoða reitakerfið allt niður í 1 km á Kortaskjá Landmælinga Íslands (<http://kortaskjar.lmi.is>).

Reitakerfi er nauðsynlegt til að birta ýmsar upplýsingar sem af einhverjum ástæðum geta ekki birst sem einstakar s.s. vegna persónuverndar, umfangs verkefnis eða nákvæmni þeirra gagna sem fyrir liggja. Verkefni geta verið tengd útbreiðslu plöntu- og dýrategunda, tekjum íbúa eða sjúkdómum. Nauðsynlegt er að hafa reitakerfið með mismunandi reitastærðum bæði fyrir mismunandi gögn og til að uppfylla ólíkar þarfir




notenda. Hver reitur hefur heiti sem er einkvæmt og er byggt upp á stærðareiningu reitarins\_norðurhniti\_austurhniti. Dæmi um heiti á reit í 50 km netinu er „50km\_40\_60“.

Í samráðsnefnd um gerð reitakerfisins sátu, auk aðila frá LÍSU og Landmælingum Íslands, fulltrúar frá Landlæknisembættinu, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Auk þess fékk hópurinn aðstoð frá fyrirtækinu Samsýn ehf. við tæknilega hluta verkefnisins.

## Fleiri kortaþjónustur

Landmælingar Íslands hafa markað þá stefnu að nýta vef stofnunarinnar ([www.lmi.is](http://www.lmi.is)) í auknum mæli til að koma á framfæri landfræðilegum gögnum og þeirri þjónustu sem stofnunin veitir. Auk þess mun vefurinn verða mikilvægur vettvangur til margs konar samskipta við viðskiptavini og áhugafólk t.d. til að taka á móti fjölbreyttum ábendingum og athugasemdum. Kortaþjónustur á vefnum verða eflaust mikilvægar í þessari framtíðarsýn og hafa Landmælingar Íslands hafist handa við að bæta þær kortaþjónustur sem þegar eru til staðar en einnig eru nýjar í þróun. Ein nýjasta kortaþjónustan er sveitarfélagaskjár á forsiðu vefs LMÍ. Í þessum nýja kortaskjá er búið að tengja saman kortaþjónustu sem les kortagögn úr gagnagrunni LMÍ og svokallaða „flash“ tækni sem gerir alla framsetningu skýrari og sveigjanlegri. Um miðjan október 2007 mun til viðbótar verða opnuð stærri útgáfa af þessum kortaskjá og mun þá hinn vinsæli IS 50V kortagrunnur verða gerður aðgengilegur fyrir alla sem áhuga hafa. Við hönnun á þessum tveimur nýju kortaskjám var haft að leiðarljósi að auðvelt sé að halda áfram þróun á virkni þeirra og auðvelt að skipta um eða bæta við gögnum. Einnig hefur mikil áhersla verið lögð á að kortaskjái lesi upplýsingar beint úr gagnagrunnum LMÍ en það á með tíð og tíma að tryggja að birtar upplýsingar séu sem nýjastar. Um leið var þess gætt að aðgengi notenda sé auðvelt.



ingu skýrari og sveigjanlegri. Um miðjan október 2007 mun til viðbótar verða opnuð stærri útgáfa af þessum kortaskjá og mun þá hinn vinsæli IS 50V kortagrunnur verða gerður aðgengilegur fyrir alla sem áhuga hafa. Við hönnun á þessum tveimur nýju kortaskjám var haft að leiðarljósi að auðvelt sé að halda áfram þróun á virkni þeirra og auðvelt að skipta um eða bæta við gögnum. Einnig hefur mikil áhersla verið lögð á að kortaskjái lesi upplýsingar beint úr gagnagrunnum LMÍ en það á með tíð og tíma að tryggja að birtar upplýsingar séu sem nýjastar. Um leið var þess gætt að aðgengi notenda sé auðvelt.

# Íslenskur staðall á sviði landupplýsinga kominn út

Pann 1. júní 2007 kom út fyrsti íslenski staðallinn á sviði landupplýsinga *ÍST 120:2007 Skráning og flokkun landupplýsinga - Fitjuskraá*. Markmiðið með útgáfu staðalsins er að koma á samræmdri flokkun gagna í íslenskum landupplýsingakerfum.

Staðallinn ber að nota við flokkun landupplýsinga og skráningu og þegar höfð eru samskipti með gögn sem staðallinn tekur til. Fitjuskraán inniheldur skilgreiningar og lýsingar á fyrirbærum eða hlutum og eiginleikum þeirra. Mikill fjárhagslegur sparnaður er af skýrum reglum um skráningu og samskipti með landupplýsingar.

Auk þess að auka aðgengi að landfræðilegum upplýsingum er nýja staðlinum ætlað að tryggja eftirfarandi:

- Öruggarí og nákvæmari skráningu landupplýsinga
- Samræmda skráningu fitjutegunda og eiginda í landupplýsingakerfum
- Skýrar skilgreiningar á fitjutegundum
- Að eigindir verði einungis skráðar á einn hátt og á einum stað í flokkunarkerfinu
- Auðveldara viðhald „fitjuskraá“ í landupplýsingakerfum
- Að nýskráningar verði einfaldar og möguleikar ótakmarkaðir

Flokkunarlistinn byggir á kröfum alþjóðlega staðalsins *ÍST EN ISO 19110:2006 „Methodology for feature cataloguing“*. Þessi staðall er úr röð tæknistaðla *ISO TC211* á sviði landupplýsinga og hafa Landmælingar Íslands það hlutverk að sjá um innleiðingu þessara staðla hér á landi í samvinnu við hagsmunaaðila og Staðlaráð Íslands.

Áætlað er að halda morgunverðarfund á næstunni um skráningu gagna eftir reglum flokkunarlistans og mun það verða gert í samvinnu við LÍSU Samtök um landupplýsingar á Íslandi og Staðlaráð. Byrjað er að huga að áframhaldandi þróun staðalsins en með aukinni notkun hans má gera ráð fyrir þörf á viðbótum og breytingum. Eðlilegt er að nýir staðlar séu endurskoðaðir eftir 3 - 5 ár frá fyrstu útgáfu. Umsjón með gerð flokkunarlistans var hjá Landmælingum Íslands en verkefnið var unnið í samvinnu við LÍSU samtökin og ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta hvað varðar stöðun á skráningu landupplýsinga.

Staðlaráð Íslands sá um útgáfu staðalsins og sér alfarið um dreifingu og sölu til notenda ([www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)).



Þórunn Sveinbjarnadóttir umhverfisráðherra tekur við fyrsta eintaki staðalsins frá Önnu Guðrúnu Ahlbrecht gæðastjóra hjá Landmælingum Íslands. Á myndinni eru einnig Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands og Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins.

## Yfirborð Íslands flokkað

Á árinu 2006 hófst flokkun landyfirborðs á Íslandi með tilliti til landnýtingar í samræmi við svokallaða CORINE áætlun Evrópusambandsins (CORINE: Coordination of Information on the Environment). Verkefnið er unnið hjá Landmælingum Íslands í samvinnu við Evrópsku umhverfisstofnunina, fjölmargar stofnanir hér á landi og öll íslensk sveitarfélög sem aðstoða við að útvega gögn og greina á milli einstakra flokka. Samkvæmt CORINE flokkunarstaðlinum greinist landyfirborð í 5 yfirflokkum: 1) manngerð svæði, 2) landbúnaðarland, 3) skóga og önnur náttúruleg svæði, 4) votlendi og 5) vötn og höf. Þessir yfirflokkar skiptast í 15 milliflokka sem svo greinast í 44 yfirborðsgerðir sem að vísu fyrirfinnast ekki allar hér á landi.



CORINE flokkunin er ekki fyrsta flokkunin sem gerð er á yfirborði landsins, en sú fyrsta sem tekur til landsins alls og er gerð eftir sameiginlegum staðli sem nær til allra Evrópulanda. Nokkrar stofnanir hafa staðið fyrir landflokkan hér á landi, einkum flokkun á grónu landi og ástandi gróðurs. Með samvinnu þeirra stofnana sem standa að CORINE verkefninu er haft að leiðarljósi að tengja CORINE öðrum innlendum flokkunarverkefnum eins og kostur er í þeim tilgangi að samnýta gögn og koma í veg fyrir tvíverknun.

Með niðurstöðum CORINE, sem munu liggja fyrir í árslok 2008, munu stjórnvöld hafa betri upplýsingar og yfirsýn yfir nýtingu lands hér á landi en nú er. Sveitarfélög geta einnig nýtt sér niðurstöðurnar í tengslum við skipulagsmál auk þess sem samanburður á landstærðum og mismunandi þróun landstærða innan einstakra sveitarfélaga verður mögulegur.

Einnig munu niðurstöðurnar gefa Íslandi aukið vægi á sviði umhverfismála á alþjóðavettvangi þar sem Íslendingar verða þar með komnir á sömu skör og önnur Evrópuríki að þessu leyti.



# Mælingar vegaslóða á hálendi í samvinnu við Ferðaklúbbinn 4x4

Í febrúar 2007 gerðu Landmælingar Íslands og Ferðaklúbburinn 4x4 með sér samstarfssamning, annars vegar um GPS gögn af vegum og slóðum sem ferðaklúbburinn hefur safnað og hins vegar um akstur vegna GPS mælinga Landmælinga Íslands. Samstarfið um aksturinn fer þannig fram að Ferðaklúbburinn 4x4 leggur til vel búna bíla og þaulvana bílstjóra sem þekkja vel til aðstæðna á hálendinu en Landmælingar Íslands sjá um mannskap og búnað til mælinganna. GPS mælingarnar skila mjög nákvæmum gögnum þar sem ekki er einungis um að ræða mælingu á vegunum sjálfum heldur eru einnig skráðir ýmsir aðrir þættir varðandi ástand og yfirborð vega.

GPS mælingar á hálendi Íslands hafa staðið yfir með hléum sumarið 2007 og hefur samstarfið gengið mjög vel. Mældir hafa verið um 800 kílómetrar einkum á Suður- og Norðausturlandi. Með mælingum sumarsins hefur verið unnið að því að mæla inn þá slóða sem eru þekktir en enn hefur ekki verið aflað gagna um. Meginmarkmið þessa samstarfsverkefnis er að til verði heildstæður gagnagrunnur um vegi og slóða á Íslandi,

hvort sem er á láglandi eða hálendi, en fram til þessa höfðu verið mældir rúmir 20.000 kílómetrar vega í samvinnu Landmælinga Íslands og Vegagerðarinnar. Gagnagrunninn verður hægt að nota í margvíslegum tilgangi, ekki síst fyrir stjórnvöld til að koma í veg fyrir utanvegaakstur. Mældir eru allir slóðar sem upplýsingar fást um auk þeirra

slóða sem mælingamenn rekast á á ferð sinni um landið en þó eru tónvegir ekki mældir. Haustið 2007 verða til upplýsingar um tæplega 23.000 kílómetra af vegum og slóðum í gagnagrunni Landmælinga Íslands en áætla má að enn eigi eftir að mæla nokkur þúsund kílómetra af vegum og slóðum, einkum á hálendinu.

Fyrirverandi flugmaður  
í breska flughernum:

## Gaf Landmælingum Íslands gömul Íslandskort

Síðastliðið vor heimsótti ræðismaður Íslands í Ástralíu, Inga Árnadóttir, Landmælingar Íslands og færði stofnuninni gömul Íslandskort að gjöf frá John Hitch, arkitekt og fyrirverandi flugmanni í breska flughernum. John Hitch er nú á tíræðisaldri og býr í Ástralíu en hann teiknaði



Iðnskólann í Reykjavík ásamt Þór Sandholt. Kortin eru flest framleidd af Bretum fyrir breska herinn og voru notuð hér á stríðsárunum. Kortin eru einu eintök sinnar tegundar í kortasafni stofnunarinnar og því einstök.


# Algildar þyngdarmælingar í sumar

Landmælingar Íslands unnu að algildum þyngdarmælingum (e: absolute gravity measurements) sumarið 2007 í samstarfi við Landmælingastofnun Finnlands, Finnish Geodetic Institute (FGI). Mælt var í 7 mælistöðvum sem mældar voru af Landmælingum Þýskalands (BKG) árið 1997 auk þess sem tveimur stöðvum var bætt við mælinetið.

Algildar þyngdarmælingar snúast um að mæla þyngdarhröðun jarðar en slíkar mælingar eru ein af grunnstöðum landmælingafræðanna og gefa nauðsynlegar upplýsingar við rannsóknir á breytingum jarðar sem ekki er hægt að fá með öðrum aðferðum. Einnig skipta mælingar á þyngdarhröðun miklu máli við uppbyggingu á hæðarkerfum, en uppbygging sameiginlegs hæðarkerfis fyrir Ísland er eitt stærsta verkefni Landmælinga Íslands og hefur þegar nýst við margs konar mannvirkjagerð s.s jarðgöng, virkjanir og vegagerð. Auk algildu þyngdarmælinganna voru framkvæmdar GPS mælingar, fínhallamælingar auk afstæðra þyngdarmælinga til þess að tengja þyngdarnetið við grunnstöðvanetið.

## Þrjú meginmarkmið verkefnisins eru:

- 1) Punktarnir sem mældir eru munu þjóna sem grunnur fyrir hið nýja íslenska hæðarkerfi auk þess að vera grunnstöðvar í þyngdarneti fyrir Ísland. Einnig nýtast punktarnir vel sem grunnpunktar fyrir ýmsar jarðeðlisfræðirannsóknir. Með mælingunum verður hægt að tengja íslenska hæðarkerfið við alþjóðleg hæðarkerfi sem auðveldar allan samanburð á hnattrænum mælikvarða.
- 2) Niðurstöður mælinganna verða bornar saman við mælingarnar árið 1997. Þetta er sérlega áhugavert í ljósi niðurstaðna frá endurmælingu grunnstöðvanetsins árið 2004 þar sem í ljós komu umtalsverðar breytingar í hæð á sumum mæli-



Myndin sýnir þær stöðvar sem mældar voru í þetta sinn. Bláar stöðvar voru einnig mældar árið 1997 en þær bleiku var verið að mæla í fyrsta skipti.

- 3) Mælinetið verður hluti af Nordic Geodetic Observing System, NGOS, sem tengir norrænu svæðin við hin alþjóðlegu kerfi. Einnig hjálpar verkefnið við að tengja saman norræna svæðið og norðurskautið.

## Fínhallamælingar mikilvægar vegna framkvæmda

Landmælingar Íslands gerðu út einn hallamælingaflokk í sumar og var farið í þrjú 10 daga mæliúthöld. Mælingum var framhaldið þar sem þeim lauk sumarið 2006 á Hjallahálsi á Barðastönd en þessi mæliúthöld miðar að því að tengja Suðurfirðina við hæðarkerfi Íslands. Í fyrstu tveimur mæliúthöldunum var mælt frá Hjallahálsi og yfir Klettsháls að undanskildum kafla við Skálanes þar sem vegaf framkvæmdir stóðu yfir. Í þriðja mæliúthaldi var haldið yfir í Arnarfjörð þar sem mælt var úr botni Arnarfjarðar upp á Hrafnseyrarheiði. Flokkur frá Vegagerðinni mældi úr botni Dýrafjarðar upp á Hrafnseyrarheiði til móts við flokk Landmælinga Íslands. Í raun stóð ekki til að mæla á þessu svæði í sumar en vegna fyrirhugaðra jarðgangnaframkvæmda á svæðinu var ákveðið að flýta þessum mælingum. Að auki voru mældir punktar við fyrirhuguð Óshlíðargöng en þeir verða notaðir sem burðarpunktar við gangnagerð.

Þegar litið er yfir sumarið má segja að mælingarnar hafi gengið mjög vel. Ástæðurnar má m.a. rekja til veðurblíðunnar sem var í júní og júlí en varla leið sá dagur að ekki væri hægt að mæla að einhverju leiti. Hin síðari ár hafa skilyrðin verið þannig að 2-3 dagar hafa að jafnaði farið til spillis í

hverju 10 daga mæliúthaldi vegna vinds og/eða rigingar. Einnig var mæliaðferðum lítillga breytt þannig að leyfileg sigtislengd á slöttum köflum var lengd úr 30 m í 40 m auk þess sem fjölgað var mælingum á hverja stöng þar sem vindur var mikill. Allt þetta til samans skilaði umtalsverðri aukningu í afköstum. Í heildina voru um 70 km

mældir í sumar og verður það að teljast mjög gott sé tillit tekið til landslagsins á svæðinu sem er nokkuð hæðótt en hæðótt landslag, og þá sérstaklega mishæðótt, hægir mjög á mælingum þar sem sigtiglið verða oft stuttar og breyta þarf sigtislengdum reglulega til samræmis við landslagið.




Frá fínhallamælingum á Ódhjúgshálsi í Djúpafirði.

## IS 50V útgáfa 2.0

Á árinu leit útgáfa 2.0 af IS 50V gagnagrunninum dagsins ljós en hann hefur verið í stöðugri þróun allt frá fyrstu útgáfu 2003. Helstu breytingar eru þær að öll mannvirki í dreifbýli hafa verið uppfærð og öll gögn hafa verið löguð að nýja staðlinum. Auk þess hefur vegum í þéttbýli af stórum hluta landsins verið bætt við gagnagrunninn og samgöngulagið uppfært þar sem breytingar hafa orðið. Nöfn vatna, hæðarpunkta og mannvirkja hafa verið færð úr örnefnalagi og tengd fyrirbærunum sjálfum.

IS 50V gagnagrunnurinn er notaður víðs vegar í samfélaginu m.a. við skipulagsgerð sveitarfélaga, í vegaleiðsögutækjum og sem grunnur fyrir prentuð kort.



## Nýr aðili á kortamarkaði

Landmælingar Íslands hættu útgáfu og sölu prentaðra korta um síðustu áramót vegna ákvæða í nýjum lögum um starfsemina. Það var fyrirtækið Iðnmennt ses. sem keypti útgáfulagerinn eftir vel heppnað útboð hjá Ríkiskaupum. Fyrirtækið keypti allan lager korta LMÍ auk útgáfuréttar á helstu ferðakortum stofnunarinnar og hefur Iðnmennt síðan þá gefið þau út undir merkinu Ferðakort. Fyrirtækið rekur bókaverslunina Iðnú að Brautarholti 8 í Reykjavík þar sem kortin eru til sölu en einnig er hægt að fá upplýsingar um útgáfuna á [www.ferdakort.is](http://www.ferdakort.is).

# Breytingar á húsnæði

Seinni hluta ársins 2006 var ákveðið að flytja alla daglega starfsemi Landmælinga Íslands á eina hæð húsnæðisins að Stillholti 16-18 á Akranesi, en fram að því hafði starfsemin verið á tveimur hæðum. Nokkrar ástæður eru fyrir þessum breytingum. Í fyrsta lagi þá hefur starfsmönnum fækkað nokkuð frá því sem mest var og það ásamt breyttri tækni hefur orðið til þess að plássþörfin hefur minnkad. Einnig má nefna að við sölu á öllum kortalager stofnunarinnar losnaði húsnæði sem nú er að mestu leyti nýtt fyrir búnað til landmælinga. Að auki hefur framleiðsla loftmynda verið hætt og því er ekki lengur þörf fyrir framköllunarstofu. Þá hefur í kjölfar breytinga á sölustarfsemi losnað um húsnæði sem áður var tengt almennri afgreiðslu. Sérstakur vinnuhópur sá um þarfa greiningu og gerð tillagna og var nýja fyrirkomulagið kynnt í desember 2006. Í byrjun þessa árs voru allir komnir á sína nýju staði



Nýtt húsnæði Dýrfinnu Torfadóttur og Finns Þórðarsonar gullsmíða.

og eru starfsmenn almennt mjög ánægðir. Fyrir stuttu var sett upp mjög falleg mynd af Akrafjalli í gluggana við innganginn og á næstunni verður frikkað upp á anddyri stofnunarinnar.

Landmælingar Íslands nýta áfram geymsluhúsnæði á jarðhæðinni en fjölbreytt starfsemi er nú þegar hafin í þeim hluta húsnæðisins sem snýr að Stillholti. Þar hafa snyrtistofan KAS, Dýrfinna Torfadóttir og Finnur Þórðarson gullsmíðir og dansskólinn Mango Studio þegar hafið rekstur.

## Fræðslu- og skemmtiferð starfsmanna

Landmælingar Íslands hafa nokkrum sinnum undanfarin ár boðið starfsmönnum sínum í fræðslu- og skemmtiferðir. Í byrjun árs 2007 var farið í eina slíka ferð og hófst hún á heimsókn í fyrirtækið Skagann hf. á Akranesi þar sem Grímur Garðarsson framkvæmdastjóri tók á móti hópnum og kynnti hlutverk fyrirtækisins, leiddi hópinn í gegnum verksmiðjuna og sagði frá starfseminni sem þar fer fram en Skaginn er fyrirtæki sem þróar og smíðar háþrúð tæki og framleiðslulínur í matvælaíðnaði og starfa þar nú um 30 manns.



Frá heimsókn í umhverfisráðuneytið.

Þó Landmælingar Íslands hafi heyrt undir umhverfisráðuneytið frá árinu 1990 hafa aðeins fáir starfsmenn stofnunarinnar heimsótt ráðuneytið og þá í formlegum erindagjörðum. Til að bæta úr þessu var næst haldið í heimsókn í ráðuneytið til að fá leiðsögn um innviði og starfsemi þess. Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, tók á móti hópnum en Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri sagði frá helstu verkefnum ráðuneytisins, leiddi hópinn um húsnæðið og kynnti starfsmenn og hlutverk þeirra. Starfsmenn Landmælinga Íslands voru

margs fróðari eftir heimsóknina um ráðuneytið og lofuðu góðar móttökur.

Eftir heimsókn í umhverfisráðuneytið var haldið til Stokkseyrar þar sem nýtt álfa-, trölla- og norðurljósasafn var skoðað. Þaðan lá síðan leiðin að Hestheimum í Ásahreppi, þar sem boðið var upp á hestasýningu, línudans og dýrindis kvöldmáltíð.

# Betri kort hjá björgunarsveitum

Landmælingar Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg undirrituðu samstarfssamning þann 13. júlí 2007. Starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar er mjög umfangsmikil og í slíku starfi þarf oft að nota kort til að skipuleggja flókin verkefni. Meðlimir í Slysavarnafélaginu Landsbjörgu eru um 18.000 talsins víðs vegar um landið.

Með samningnum er unnið að því að efla samstarf milli aðilanna og auka notkun korta og annarra landupplýsinga í starfsemi björgunarsveita á Íslandi. Samstarf þetta er þróunarverkefni í þágu almannaoðryggis og er meginmarkmiðið að auka og bæta upplýsingastreymi til björgunaraðila auk þess að tryggja að öll helstu gögn séu til taks í stjórnstöð Landsbjargar að Skógahlíð. Til að fylgja samningnum eftir heimsóttu tveir



starfsmenn Landmælinga Íslands stjórnstöðina og fóru yfir hvernig samningurinn gæti nýst sem allra best við skipulagningu leita. Einnig var farið yfir hvernig korta og landupplýsingagögn eru nýtt í dag. Áætla má að með öflugum samstarfi þessara aðila verði unnið að því að tryggja enn frekar öryggi borgaranna á Íslandi.

## Samstarf á sviði örnefna

Í maí 2007 skrifuðu Landmælingar Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, undir samstarfssamning milli stofnananna. Samningurinn er byggður á fyrrum samstarfssamningi stofnananna en meðal annars er kveðið á um samstarf þeirra



Vésteinn Ólason hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Magnús Guðmundsson.

í nýjum lögum um landmælingar og grunnkortagerð. Tilgangur samningsins er að stofnanirnar vinni sameiginlega að því markmiði að til verði gagnagrunnur um íslensk örnefni sem nýst öllu samfélaginu og að örnefni séu birt með sem réttustum hætti. Sérstök áhersla verður lögð á samræmi í skráningu örnefna og hvernig gögnum og upplýsingum um þau er miðlað til samfélagsins. Áhugi almennings á örnefnum er mikill og hafa margir áhuga á að safna örnefnum af landsvæðum þar sem vitneskja um þau er að glatast. Fólki sem áhuga hefur á slíkum skráningum verður því aðstoðað m.a. með því að samræma vinnuferli við skráningar, gefa leiðbeiningar og útvega gögn þar sem það á við.

## INSPIRE

Evrópusambandið hefur undanfarin ár unnið að því að móta stefnu og gera tillögu að löggjöf um innra skipulag landupplýsinga í allri Evrópu. Þetta verkefni er nú í farvegi sem samþykkt tilskipun og hefur hlotið nafnið INSPIRE (Infrastructure for Spatial Information in Europe). Tilskipunin byggir á hinum ýmsu gögnum og upplýsingakerfum sem til eru hjá aðildarríkjunum og er markmiðið að þessi gögn geti unnið betur saman og myndað innra skipulag (e: infrastructure) fyrir landfræðilegar upplýsingar í Evrópu.

Lykilmarkmið INSPIRE er að landfræðilegar upplýsingar verði aðgengilegar og er

mest áhersla lögð á gögn til að fylgjast með og bæta ástand umhverfisins. Tilskipuninni er ætlað að nýta sem best gögn sem þegar eru fyrir hendi með því að skrá þau og taka í notkun þjónustu á vefnum til að gera þau aðgengilegri en nú er.

Landmælingum Íslands hefur verið falið að gegna lykilhlutverki í innleiðingu INSPIRE á Íslandi og nú þegar tekur stofnunin þátt í stýrihópi verkefnisins sem nefnist Inspire Committee. Þýðing Landmælinga Íslands á tilskipuninni má finna á vef Landmælinga Íslands, [www.lmi.is](http://www.lmi.is).



## Nýr umhverfisráðherra

Eftir að niðurstöður alþingiskosninga síðastliðið vor lágu fyrir fengu Landmælingar Íslands, ásamt öðrum stofnunum umhverfisráðuneytisins, nýjan ráðherra Þórunni Sveinbjarnardóttur. Hinn nýi umhverfisráðherra kom ásamt ráðuneytisstjóra í heimsókn til Landmælinga Íslands í lok maí 2007 og dvaldi hluta úr degi. Þórunn fundaði með forstjóra stofnunarinnar og fékk þar helstu upplýsingar um verkefni og viðfangsefni Landmælinga Íslands. Síðan var gengið um húsnæðið og heilsað upp á starfsfólkið sem sagði frá sínum störfum. Við tilefnið fékk umhverfisráðherra afhent eintak af nýjum staðli um skráningu og flokkun landupplýsinga sem unnið hefur verið að á undanföllum árum.

## Nýir starfsmenn

Í byrjun september tóku til starfa tveir nýir starfsmenn hjá Landmælingum Íslands. Það eru þær Ásta Kristín Óladóttir, landfræðingur B.Sc. og Steinunn Aradóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur MLIS, sem hófu störf; Ásta Kristín á landupplýsingasviði þar sem hún hefur bæst við hóp starfsmanna sem nú vinna við Corine verkefnið og Steinunn starfar sem skjalavörður stofnunarinnar. Í byrjun nóvember mun Kristin Meeham lífræðingur og sérfræðingur á sviði landupplýsingakerfa koma til starfa frá Bandaríkjunum. Kristin mun aðallega starfa við gagnagrunna og landupplýsingakerfi.

# Nýr vefur

Í lok apríl var opnaður nýr vefur Landmælinga Íslands á slóðinni [www.lmi.is](http://www.lmi.is). Vefurinn er unninn í vefumsjónarkerfi frá fyrirtækinu Nepal í Borgarnesi og er öll umsýsla með honum mun einfaldari en áður. Hönnun á útliti og uppsetningu var í höndum starfsmanna Landmælinga Íslands og Nepal og var unnið út frá því að þeir sem heimsækja vefinn þurfi ekki marga músasmelli til að finna það sem leitað er að. Í því augnamiði voru settir upp flýtihnappar á forsíðuna og á innsíðum eru aldrei fleiri en ein undirsíða. Bjarney Guðbjörnsdóttir segir að nokkrar nýjungar sé finna á heimasíðunni og megi þar fyrst nefna kortþjónustu sem er á forsíðunni. Sú kortþjónusta er þannig að auðvelt er að skipta út kortum sem þar eru sýnd og setja önnur í staðinn. Um þessar mundir er hægt að skoða upplýsingar um sveitarfélög landsins í kortþjónustunni en áður var m.a. hægt að skoða svæðið við Upptýppinga þar sem talsverð skjálftavirkni var sumarið 2007. Bjarney segir að önnur nýjung sem hafi verið vinsæl séu fluglínur loftmynda. Þar er hægt að sjá fluglínur loftmynda sem eru í safni Landmælinga Íslands og þar með finna út frá hvað tíma loftmyndir eru til af ákveðnum svæðum landsins.

Það er von starfsmanna Landmælinga Íslands að þessi nýi vefur auðveldi aðgengi að upplýsingum um stofnunina. Vinnu við vefinn lýkur aldrei enda er viðhald hans eitt af helstu verkefnum stofnunarinnar. Notendur [www.lmi.is](http://www.lmi.is) mega því eiga von á fleiri nýjungum á vefnum í framtíðinni.



## Tvíorkubíll

Landmælingar Íslands hafa í auknum mæli lagt áherslu á umhverfissjónarmið við innkaup á vörum og þjónustu enda heyrir stofnunin undir umhverfisráðuneytið. Það nýjasta á þessu sviði eru kaup Landmælinga Íslands á Toyota Prius tvíorkubíl en slíkir bílar eru búnir sparneytinni bensínvel og rafmagnsmótor sem skila mjög góðri nýt-

ingu eldsneytis og um leið minni útblæstri og lægri rekstrarkostnaði. Miðað við reynsluna af Prius bifreiðinni er ljóst að ekki þarf að fórna öryggi, notagildi eða þægindum þegar valinn er sparneytinn bíll. Það er öruggt að við endurnýjun á bílum Landmælinga Íslands í framtíðinni verður áfram tekið fullt tillit til umhverfissjónarmiða.

## Ný gjaldskrá

Þann 1. júlí 2007 tók gildi ný gjaldskrá vegna þjónustu og gagna Landmælinga Íslands. Nýja gjaldskráin byggir á lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006 frá 1. janúar 2007. Lögin hafa þegar haft ýmsar breytingar í för með sér á starfsemi stofnunarinnar meðal annars til að bregðast við breyttri tækni og aðstæðum í samfélaginu.

Meðal þeirra breytinga sem fram koma í nýrri gjaldskrá eru að ekki verður lengur boðið upp á þjónustu við að útbúa loftmyndir á ljósmyndapappír (hvorki snertimyndir né stækkanir).

Meginástæða þessa er að pöntunum á loftmyndum á ljósmyndapappír hefur fækkað að mjög mikið á undanförunum árum en á sama tíma hefur mikil aukning orðið í afgreiðslu stafræna loftmynda. Loftmyndir úr safni Landmælinga Íslands verða því eingöngu afhentar á stafrænu formi í framtíðinni en viðskiptavinir Landmælinga Íslands geta leitað til sérhæfðra einkafyrirtækja ef óskað er eftir útprentun loftmynda á ljósmyndapappír.

Önnur veigamikil breyting var gerð á verði og áskriftarmöguleikum gagnagrunna Landmælinga Íslands. Þar munar líklega mest um

að verð var lækkað nokkuð frá því sem áður var, en um leið tekin upp sú nýbreytni að binda áskriftarsamninga til þriggja ára. Aðspurður um þessa breytingu segir Gunnar H. Kristinsson, þjónustustjóri Landmælinga Íslands, að þetta einfaldi mikið alla umsýslu og sé til hagræðis fyrir viðskiptavinum stofnunarinnar þar sem nýjar uppfærslur séu sendar reglulega á samningstímanum. Önnur breyting sem gerð var á verði stafræna gagnagrunna var skipting í verðflokka eftir notkun gagnanna. Þannig eru gögnin ódýrust fyrir aðila sem ekki eru með viðskiptalega hagsmuni við notkun gagnanna í huga en dýrust fyrir þá aðila sem nýta gögnin til endursölu eða til að selja aðra þjónustu. Það er von stofnunarinnar að þessi breyting verði til þess að auka notkun gagnanna og ýta undir frekari þróun í ýmsum þjónustum sem nota má gögnin í.

## Kvarðinn

FRÉTTABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Kvarðinn nr. 15, 1. tbl., 9. árg., okt. 2007

**Útgefandi:** Landmælingar Íslands,  
Stíllholti 16-18, 300 Akranes.  
Sími: 430 9000 - Fax: 430 9090

**Netfang:** [lmi@lmi.is](mailto:lmi@lmi.is).

**Vefsíða:** [www.lmi.is](http://www.lmi.is)

**Ábm.:** Gunnar H. Kristinsson

**Umsjón texta:**

Bjarney Guðbjörnsdóttir

**Ljósmyndir:**

Guðni Hannesson, Ingvar Matthíasson

**Umbrot og prentun:**

Prentmet Vesturlands

Kvarðinn er prentaður á umhverfisvænan  
G-print pappír sem vottaður er af  
„Hvíta svaninum“

[www.lmi.is](http://www.lmi.is)